



Nr. 10/2004
6. maí 2004

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok apríl 2004

Í meðfylgjandi yfirliti er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok apríl 2004 og til samanburðar í lok mars 2004 og í lok desember 2003.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans minnkaði í apríl um 1 milljarð króna og nam 65,6 milljörðum króna í lok mánaðarins (jafnvirði 892 milljóna Bandaríkjadala á gengi í mánaðarlok). Gjaldmiðlaskiptasamningur sem gerður var í janúar s.l. kom á gjalddaga, og keypti Seðlabankinn Bandaríkjadali að andvirði 7,2 milljarða króna af viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði (sbr. frétt bankans nr. 4/2004 frá 5. febrúar sl.). Þá keypti Seðlabankinn gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 1,5 milljarða króna í apríl í samræmi við áætlun hans um aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisstöðu sína. Frá áætluninni var m.a. greint í nóvemberhefti *Peningamála* 2003. Að öðru leyti skýrast breytingar á gjaldeyrisforðanum í apríl af lánaheyfingum ríkissjóðs.

Gengi íslenskrar krónu veiktist um 0,1% í apríl.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir lækkuðu um 5,4 milljarða króna í apríl og námu 36,8 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir lækkuðu um 0,1 milljarð króna og námu 4,8 milljörðum króna í mánaðarlok.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 3,2 milljörðum króna í apríllök miðað við markaðsverð. Lækkun á spariskírteinaeign skýrist af innlausn í apríl.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana lækkuðu um 13,7 milljarða króna í apríl og námu 29,4 milljörðum króna í lok mánaðarins.

Grunnfé bankans hækkaði í apríl um 7,6 milljarða króna og nam 34 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 30. apríl 2004

	STADA	STADA	STADA	HREYFINGAR	2004
m.kr.	31.12.03	31.03.04	30.04.04	Á árinu	Í apríl
EIGNIR:	87.307,0	114.874,8	107.592,7	20.285,6	-7.282,2
Erlendar eignir:	58.274,1	66.856,7	65.806,4	7.532,3	-1.050,3
a. Gull	1.873,2	1.942,7	1.816,9	-56,3	-125,9
b. Sérstök dráttarréttindi IMF	3,5	1,7	9,2	5,8	7,6
c. Gjaldeyrisstaða við IMF	1.962,8	1.987,4	1.982,0	19,3	-5,3
d. Erlendir bankar	22.739,6	24.175,9	22.800,9	61,3	-1.375,0
e. Erlend verðbréf og ríkisvixlar	31.529,2	38.584,4	39.033,9	7.504,7	449,4
f. Erlendar eignir utan forða	165,9	164,7	163,5	-2,4	-1,1
Innlánsstofnanir:	24.038,2	42.247,4	36.813,0	12.774,8	-5.434,4
a. Endurhverfir samningar	24.038,2	35.031,4	36.813,0	12.774,8	1.781,6
b. Daglán	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
c. Aðrar kröfur	0,0	7.216,0	0,0	0,0	-7.216,0
Aðrar fjármálastofnanir:	4.192,6	4.948,2	4.826,9	634,2	-121,4
a. Markaðsskráð verðbréf	3.223,2	3.241,2	3.206,3	-16,9	-34,9
b. Endurhverfir samningar	969,4	1.707,0	1.620,6	651,2	-86,5
Ríkissjóður og ríkisstofnanir:	715,5	720,0	28,6	-686,9	-691,3
a. Markaðsskráð spariskirteini	715,5	720,0	28,6	-686,9	-691,3
Aðrar eignir:	86,5	102,5	117,7	31,2	15,2

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:	87.307,0	114.874,8	107.592,7	20.285,6	-7.282,2
Erlendar skuldir til skamms tíma	123,6	293,2	294,6	171,0	1,4
Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF	1.734,7	1.756,4	1.750,1	15,4	-6,2
Seðlar og mynt	10.583,5	9.999,6	10.456,1	-127,4	456,5
Innlánsstofnanir:	11.116,9	16.422,2	23.560,5	12.443,7	7.138,3
a. Innstæður	6.615,7	9.242,0	13.949,0	7.333,3	4.707,0
b. Bundnar innstæður v/störgreiðslukerfis	3.825,0	150,2	1.601,8	-2.223,2	1.451,6
c. Innstæðubréf	4.501,2	0,0	8.009,8	3.508,6	8.009,8
d. Aðrar kröfur	0,0	7.030,0	0,0	0,0	-7.030,0
Aðrar fjármálastofnanir:	33,2	4,1	9,6	-23,6	5,5
a. Innstæður	33,2	4,1	9,6	-23,6	5,5
Ríkissjóður og ríkisstofnanir:	22.900,7	43.788,6	29.397,6	6.496,9	-14.391,0
a. Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs	9.689,1	23.748,2	16.334,5	6.645,4	-7.413,8
b. Ríkisstofnanir	1.207,6	874,4	654,4	-553,2	-220,1
c. Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs	487,1	7.511,1	707,9	220,8	-6.803,2
d. Bundið innlán	11.516,9	11.654,9	11.700,9	184,0	46,0
Aðrar skuldir:	597,5	1.018,0	932,6	335,2	-85,4
Áætluð afkoma ársins fyrir skatt	-	917,1	974,4	974,4	57,3
Gengishagnaður/-tap ársins	.	796,7	959,5	959,5	162,7
Áætlaður hagnaður af rekstri	.	578,9	14,9	14,9	-564,0
Stofnfé og annað eigið fé	40.217,1	40.217,1	40.217,1	-	-

Liðir til skýringar

Gjaldeyrisforði (erlendar eignir, a.-e.)	58.108,2	66.692,1	65.642,9	7.534,7	-1.049,2
Gjaldeyrisstaða, nettó	57.984,6	66.398,8	65.348,3	7.363,7	-1.050,5
Kröfur á ríki og ríkisstofnanir, nettó	-22.185,2	-43.068,6	-29.369,0	-7.183,8	13.699,7
Kröfur á aðra, brúttó	28.317,4	47.298,1	41.757,6	12.774,8	-5.434,4
Grunnfé	21.700,4	26.421,8	34.016,7	12.316,3	7.594,9